

Skólaráðsfundur (fjarfundur í Teams) Egilsstaðaskóla, 27. apríl 2020, kl. 16:00

Mættir:

Ruth skólustjóri, Skarphéðinn Smári fulltrúi foreldra, Anna Björk fulltrúi kennara, Carola Björk fulltrúi kennara, Ágúst Þór fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ásta Jóna fulltrúi nemenda, Málfríður Ólafsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna og Unnar fulltrúi nemenda (kom inn á fund um kl. 16:15).

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2020-2021, Skóladagatal hefur verið samþykkt af starfsmönnum, það var samþykkt í fræðslunefnd 21.apríl sl. með fyrirvara um samþykki skólaráðs

Ruth kynnir og útskýrir skóladagatalið fyrir skólaárið 2020 – 2021. Gerð var könnun meðal foreldra varðandi vetrarfrí og var niðurstaðan sú að ekki var vilji til að lengja vetrarfrí umfram það sem verðið hefur. Aðeins umræða varðandi bleika daga. Skóladagatal samþykkt samhljóða.

2. Opinn fundur skólaráðs

Skv. reglugerð á skólaráð á að halda einn opinn fund á ári.

Í ljósi aðstæðna og reglna Almannavarna um samkomubann, mun skólaráð fresta opnum fundi, sem til stóð að halda í vor, fram í september á næsta skólaári og er þessu vísað til fyrsta fundar skólaráðs í haust.

3. Frá nemendum

Nemendur eru sáttir við það skólahald sem verið hefur (fjarnám) síðustu 6 vikur. Sumir hafa verið að koma í skólann til að fá aðstoð og það hefur gengið vel. Auðvelt hefur verið að sækja hjálp frá kennurum. Flestir ánægðir og finnst þeir stjórna náms tíma sínum betur. Nemendur þó misvel undirbúnir undir tæknimálin en eru sammála um að starfið hafi verið vel skipulagt af kennurum. Kennarar haft mismikið samband við nemendur. Sumir nemendur nýta tímann betur heima og minna fer í ónýttan tíma og „gláp“ á töflu. Nemendum finnst líka að þeir vera að nýta og nota betur það sem þeir hafa áður lært.

Nemendur koma inn í fullt skólastarf þann 4. maí n.k. Aðeins rætt um val og valáfanga, en upplýsingar verða sendar út varðandi það.

4. Takmarkanir á skólahaldi

Ruth fer yfir hvernig skólahaldi var háttað frá 16. mars og fram að 4. maí. Verið hefur samráði margra aðila í samfélaginu sem hafa haft um málið að segja. Ruth er mjög ánægð með þessa samvinnu og hvernig skipulagið hefur gengið. Einnig hefur samstarf við foreldra gengið vel. Eitthvað þarf að sveigja til í starfinu eftir 4. maí, t.d. varðandi notkun búningaklefa o.fl. Allir sammála um að starfið hafi gengið í heild vel, þrátt fyrir margar takmarkanir og margt nýtt hafi lærst á þessum tíma.

5. Ytra mat

Ruth sendir uppfærða áætlun um mál sem þarf bæta varðandi ytra mat Menntamálastofnunar. Úr sumu hefur verið bætt, önnur mál eru komin á koppinn og enn önnur á stefnuskrá. Stefna Menntamálastofnunar er að gera ytra mat oftar og meira staðlað, þannig að það verði meira aðhald allajafna fyrir skóla og sveitarfélög.

6. Önnur mál

Stefnt að næsta fundi skólaráðs þann 14. maí n.k. og verði hann með þessu sniði, þ.e. fjarfundur á Teams. Sent verður út fundarboð með um viku fyrirvara.

Fundi slitið kl. 16.45

Anna Björk Guðjónsdóttir, fundarritari